


✉ Re: beiðni um umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um leyfi til drónaflugs vegna rannsókna

Búið til	29.6.2022 09:28:53
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	29.6.2022 09:28:52
Tilheyrir	 202206-0033 - Drónaflug v, rannsókna innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár og Skútustaðagígja, f TU Delft

Efni

Re: beiðni um umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um leyfi til drónaflugs vegna rannsókna

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	29.6.2022 09:28:52	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is

Innihald

Komdu sæl,

Tilvísun í mál nr. 202206-0033 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá Umhverfisstofnun dags. 28. júní 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn TU Delft um leyfi til drónaflugs innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár daganna 5-11. Júlí.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er óskynsamlegt að veita leyfi fyrir drónaflug innan verndarsvæðisins á varptíma fugla sem er enn í gangi í byrjun júlí. Um drónaflug á svæðinu gilda ekki skýrar reglur og er mikilvægt að bætt verði úr því t.d. í stjórnunar- og verndaráætlun verndarsvæðisins. Skoða mætti reglur á friðlýstum svæðum erlendis varðandi drónaflug í því sambandi.

Vel er þekkt að drónaflug trufla fugla og á svæði þar sem þéttleiki fugla í varpi er mjög mikill eins og innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og felst í því umtalsverð áhætta að leyfa drónaflug á svæðinu. Þótt einstökum aðilum sé treystandi til að fara varlega er betra að hafa skýrar almennar reglur hafa stjórn á drónaflugi á svæðinu og þannig koma í veg fyrir óhöpp og óæskilega truflun.

Drónaflugið er í rannsóknarskyni og ekki eru gerðar athugasemdir við að leyft sé drónaflug við Þrengslaborgir-Lúdentborgir en við Skútustaðagíga og sérstaklega við Helgey er hætt á að fuglalíf verði fyrir truflunum. Lagt er til að umsækjendur séu beðnir um að fresta drónafluginu þar til síðla ágúst eða september.

Þá kemur fram í umsókninni að stefnt sé að því að taka sýni úr gervigígum en ekki tekið fram hversu mörg eða stór sýni verði tekin. Upplýsingar um það þurfa að vera skýrari.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Þórdís Vilhelmína Bragadóttir" <thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: beiðni um umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um leyfi til drónaflugs vegna rannsókna

Date: 28.6.2022 11:35:49

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn frá TU Delft, Faculty of Aerospace Engineering Dept. Space Engineering, Section Planetary Exploration dags. 27. maí 2022 um leyfi til drónaflug vegna rannsókna innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár og Skútustaðargíga.

Í samræmi við 25 gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskar Umhverfisstofnun hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn þessa. Gögn málsins er að finna í viðhengi.

Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en 30. júní 2022

Bestu kveðjur, Best regards

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið náttúruverndar, Department for Nature Conservation

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)